Kristján Guðmundsson bæjarstjóri í Kópavogi:


Ræða verður framtíð Fossvogsdals í alvöru

„ÉG VÆNTI þess að fulltrúar Reykjavíkur og Kópavogs komi saman hið fyrsta til þess að ræða um framtíðarskipan Fossvogsdalsins," sagði Kristján Guðmundsson, bæjarstjóri Kópavogs, í samtali við Morgunblaðið er undir hann voru borin ummæli Davíðs Oddssonar, borgarstjóra, í Morgunblaðinu sl. sunnudag þar sem hann sagði að Reykjavíkurborg hefði neitunarvald um byggingu golfvallar í Fossvogsdal.

Davíð sagði þá að samkvæmt samningum sem gerðir voru um lögsöguskipti og land, þá byggðu Kópavogsbúar ekki golfvöll nema með samþykki Reykjavíkurborgar. Kristján sagði að samningurinn, sem borgarstjóri hefði vitnað í, hefði verið gerður árið 1973 milli byggðarlaganna þar sem ákveðið var að skjóta á frest breytingum á mörkun Fossvogsdalsins í tvö ár. „Nú eru hinsvegar liðin 12 ár og ekkert hefur verið ákveðið enn svo að það er kominn tími til að menn fari að ræða þessi mál í alvöru."

Að sögn Kristjáns átti að nota þennan tveggja ára frest m.a. til að endurskoða umferðarkerfi höfuðborgarsvæðisins, gera athuganir á nauðsyn Fossvogsbrautar og skoða hvernig hægt væri að nýta dalinn m.t.t. samtengingar á útivistarsvæðum sveitarfélaganna. Í umræddum samningum segir ennfremur að Fossvogsbraut verði ekki lögð nema með samþykki beggja aðila og rísi ágreiningur í því efni verði málið lagt fyrir gerðardóm.

„Ég þykist vita að margir hugsi til þess að Fossvogsdalurinn verði ákjósanlegt útivistarsvæði. Ef Fossvogsbrautin verður lögð verður þessi hugmynd sem komið hefur fram um golfvöllinn að engu. En á liðnum árum hefur margoft komið fram að bæjarstjórn Kópavogs er andvíg lagningu Fossvogsbrautar," sagði Kristján Guðmundsson að lokum.



Vinnustofa Kjarvals á sýningu í Háholti

Í TILEFNI aldarafmælis Jóhannesar Sveinssonar Kjarvals opnar Þorvaldur Guðmundsson sýningu á 150 verkum eftir Kjarval, sem unnin eru í olíu, með vatnslitum, tússi auk teikninga í Háholti í Hafnarfirði á laugardaginn. Á sýningunni verður „Lífshlaup", mynd sem Kjarval málaði á veggfóður vinnustofu sinnar í Austurstræti sýnt og hefur vinnustofa Kjarvals eins og hún var, með gluggum, hurð og ofnum verið sett upp í sýningarsalnum. Að sögn Þorvalds voru þessar myndir sýndar á sínum tíma á Kjarvalsstöðum en sú sýning stóð í skamman tíma og má því segja að myndirnar hafi vart verið sýndar almenningi fyrr en nú.

Stefnuræða forsætisráðherra:

Kaupmáttur ráðstöfunartekna eykst um 4,5% á þessu ári

Í STEFNURÆÐU Steingríms Hermannssonar forsætisráðherra, sem væntanlega verður flutt nk. fimmtudag, kemur fram að þjóðhagsáætlun gerir ráð fyrir því að verðbólga muni á ný fara hjaðnandi síðustu mánuði þessa árs og verði í árslok liðlega 20%. Jafnframt kemur fram að gert er ráð fyrir að kaupmáttur ráðstöfunartekna á þessu ári muni aukast um 4,5%, og er þá talið að hann verði 6% meiri á síðari hluta þessa árs, en hann var á 4. ársfjórðungi 1983.

Í ræðu forsætisráðherra kemur fram að halli ríkissjóðs á þessu ári sé áætlaður 1800 milljónir króna, en við afgreiðslu fjárlaga 1985 var hann áætlaður 700 milljónir. Þyngst eru sagðir vega launasamningar þeir sem gerðir voru sl. vor.

Forsætisráðherra greinir frá því að eftirspurn eftir fjármagni sé mjög mikil og hafi leitt til þess að mikið sé selt af skuldabréfum með miklum afföllum á opnum markaði. Um þá starfsemi þurfi að setja lög og reglur og það sé ráðgert að gera á þessu þingi, sem nú er að hefjast.

Forsætisráðherra segir að lækkun erlendra skulda verði að mati ríkisstjórnarinnar meginmarkmið í efnahagsmálum þjóðarinnar næstu árin, jafnframt því sem nauðsynlegt verði að leggja áherslu á að hjöðnun verðbólgu haldi áfram.

Gert er ráð fyrir því í þjóðhagsáætlun að viðskiptakjör haldist í meginatriðum óbreytt næstu 3 árin, þótt gengi dollara lækki en Evrópugjaldmiðla hækki. Byggt sé á 5% árlegri aukningu útflutnings næstu 3 árin og að aflaverðmæti aukist um 4 til 5% á ári.

Forsætisráðherra segir að ekki sé hægt að gera ráð fyrir að viðskiptajöfnuður náist fyrr en á árinu 1988. Því valdi hinar miklu erlendu skuldir. Áætlað sé að erlendar skuldir þjóðarinnar í árslok í ár nemi um 53% af landsframleiðslu og á næsta ári 54%. Þær lækki síðan 1987 í 52,5% af landsframleiðslu og í 49% árið 1988.

Forsætisráðherra bendir á sparnaðarleiðir, bæði í ríkisrekstri og hjá almenningi, sem leiðir að ofangreindum markmiðum. Segir hann að stjórnarflokkarnir hafi ákveðið að leita leiða til þess að draga enn frekar úr ríkisútgjöldum, þannig að sem minnst viðbótarskattheimta verði nauðsynleg til þess að tryggja hallalaus fjárlög.

Kjarvalsstaðir:

Yfirlitssýning á verkum Kjarvals

Á KJARVALSSTÖÐUM verður í dag opnuð yfirlitssýning á verkum Jóhannesar Sveinssonar Kjarval í tilefni þess, að nú eru liðin eitt hundrað ár frá fæðingu hans. Málverkin eru flest úr einkaeign og hafa mörg þeirra ekki verið sýnd opinberlega áður. Á göngum Kjarvalsstaða er sýning á munum og minjum úr fórum Kjarvals. Þá eru og sýndar ljósmyndir af listamanninum frá ýmsum tímum.

„Það má segja að sýningin sé búin að vera í deiglunni síðastliðin þrjú ár," sagði Einar Hákonarson, formaður stjórnar Kjarvalsstaða. „Vegna sýningarinnar var jafnframt sett í gang umfangsmikil skráning á verkum eftir Kjarval og hafa þegar verið skráð um þrjú þúsund verk sem valið var úr á þessa sýningu. Það kom á óvart hvað Kjarval var afkastamikill listamaður og er nú talið sennilegt að verk hans séu á bilinu sjö til níu þúsund. Skráningu verður haldið áfram núna næstu daga og er tekið á móti upplýsingum um óskráð verk á skrifstofu Kjarvalsstaða." Sýningin á persónulegum munum Kjarvals á göngunum er einungis lítið brot af því sem hann ánafnaði Reykjavíkurborg.

Á sýningunni eru 177 málverk og er elsta myndin frá 1901 og yngstu myndirnar frá 1967—'68. Þá eru á sýningunni 35 teikningar og vatnslitamyndir úr eigu Reykjavíkurborgar. Í sýningarskrá, sem er 86 blaðsíður að stærð og prýdd fjölda ljósmynda af Kjarval og verkum hans, skrifa Davíð Oddsson borgarstjóri, Matthías Johannessen ritstjóri, listfræðingarnir Bera Nordal og Guðbjörg Kristjánsdóttir og Árni Sigurjónsson bókmenntafræðingur. I tilefni sýningarinnar hefur verið gerður myndbandsþáttur er nefnist „Meistari Kjarval" þar sem í stuttu máli er rakinn ferill Kjarvals í máli og myndum. Þátturinn verður sýndur í fundarsal, umsjónarmaður hans er Þóra Kristjánsdóttir listráðunautur.

Þá verða fluttir fyrirlestrar í tengslum við sýninguna í næsta mánuði. Aðalsteinn Ingólfsson listfræðingur fjallar þá um bókaskreytingar Kjarvals, Árni Hjartarson jarðfræðingur og Hallgerður Gísladóttir sagnfræðingur greina frá Hellamyndum Kjarvals og Valtýr Pétursson flytur erindi um listamanninn. Safnakennarar Fræðsluskrifstofu Reykjavíkurumdæmis, þær Bryndís Sverrisdóttir og Sólveig Georgsdóttir, hafa unnið fræðsluefni fyrir skólanemendur á grunnskólastigi og mun skipuleggja kynnisferðir á sýninguna.

Verndari sýningarinnar er forseti Íslands, Vígdís Finnbogadóttir. Í sýningarnefnd eru Einar Hákonarson formaður stjórnar Kjarvalsstaða, Gunnar Kvaran listfræðingur, Ólafur Jónsson lögfræðingur, Steinþór Sigurðsson listmálari, sem jafnframt hannaði sýninguna og Þóra Kristjánsdóttir listráðunautur Kjarvalsstaða. Að undirbúningi sýningarinnar hafa auk þess unnið Jóna Guðbrandsdóttir og Stefán Halldórsson starfsmenn Kjarvalsstaða, Guðmundur Magnússon myndlistarkennari og starfsmenn trésmíðaverkstæðis Reykjavíkurborgar auk fjölda annarra. Sýningin verður opin daglega frá kl. 14-22 fram til 15. desember.



Morgunblaðið/Árni Sæberg

Hluti þeirra muna og minja Kjarvals, sem sýnd eru á göngum Kjarvalsstaða.



Ásgeir M. Ásgeirsson

Ásgeir í Sjóbúðinni látinn

ÁSGEIR M. Ásgeirsson, fyrrverandi skipstjóri og kaupmaður í Sjóbúðinni við Grandagarð, lést mánudaginn 14. október.

Ásgeir var fæddur 20. febrúar 1910 að Tröð í Álftafirði í N-Ísafjarðarsýslu.

Hann stundaði sjómennsku í tæp 30 ár á línuveiðurum, togurum og flutningaskipum og sigldi hann t.d. öll stríðsárin til Englands sem stýrimaður og skipstjóri. Ásgeir lét af skipstjórn 1950 vegna heilsubrests og rak eftir það Sjóbúðina við Grandagarð í Reykjavík. Eiginkona Ásgeirs, Sigríður Soffía Guðmundsdóttir, lést árið 1965.

Ásgeir lætur eftir sig sex börn.